



Pegar búið er að finna erlendan leikmann er nauðsynlegt að sækja um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir leikmanninn sé hann utan EES. Félög ættu að hafa í huga að leikmaðurinn má ekki vera á landinu meðan umsóknin er unnin og samþykkt. Það er því mjög mikilvægt að öll gagnaöflun gangi greiðlega fyrir sig þar sem ferlið getur verið flókið og tímafrekt. Sé öllum gögnum skilað inn með umsókninni þegar hún kemur til Útlendingastofnunar mun afgreiðslutíminn verða töluvert hraðari.

Til þess að gagnaöflun gangi sem hraðast þarf að:

1. Þegar búið er að finna leikmanninn þarf að byrja á því að senda leikmanninum tölvupóst og biðja hann um að.
 - a. Skanna inn eintak af vegabréfinu sínu og senda án tafar til félagsins (mun betra að skanna inn vegabréf þar sem í 75% tilvika eru föxuð eintök svo óskýr að yfirvöld samþykkja vegabréfið ekki og þá þarf að byrja ferlið aftur). Athugið að gildistími vegabréfs þarf að vera 3 mánuðum lengur en áætlaður dvalartími. Körfuknattleiksmenn fá yfirleitt leyfi til 30.apríl svo vegabréfið verður lágmark að gilda til 30.júli.
 - b. Einnig þarf að senda upplýsingar um heimilisfang í heimalandi (nauðsynlegt svo hægt sé að sækja um kennitölu)
 - c. Biðja leikmanninn um að fylla út umsókn um sjúkratryggingu og senda ykkur án tafar skannað útfyllt eintak í tölvupósti. (mun betra en föxuð eintök sem eru oft óskýr og tryggingafélög geta neitað þeim). Hægt er að sækja um sjúkratryggingu fyrir erlenda leikmenn hjá öllum tryggingafélögum meðal annars.
 - i. Sjóvá, http://sjova.is/files/2008_4_29_Application_for_sickness_cost_forms.pdf
 - ii. TM http://www.tryggingamidstodin.is/media/Eydublod_TM//Application.pdf
 - iii. VÍS http://www.vis.is/uploads/documents/beidnir/medical_cost_insurance.pdf
 - d. Biðja leikmanninn um að fylla út dvalarleyfisumsókn sem hægt er að nálgast hér (http://utl.is/media/stofnunin/eydublod/ums_dvalar_og_atvinn.pdf) undirrita síðan umsóknina.
 - e. Biðja leikmanninn um að fylla út atvinnuleyfisumsókn, þ.e.a.s. það sem á við um hann og undirrita síðan umsóknina. Umsókn er hægt að nálgast hér: <http://utl.is/media/stofnunin/eydublod/itrottafolk.pdf> (hafið í huga að þegar frumritið berst þá þarf félagið að fylla út restina og undirrita)
 - f. Biðja leikmanninn um að skrifa undir ráðningarsamning sem hægt er að nálgast hér: (<http://utl.is/media/stofnunin/eydublod/radningarsamningur.pdf>) Athugið að nauðsynlegt er að fylla í alla reiti ráðningarsamningsins og þá sérstaklega um laun, önnur hlunnindi og lífeyrissjóð.
 - g. Biðja hann um að sækja um sakavottorð og fá það í frumriti (sakavottorð af netinu eru ekki fullnægjandi). Ath. ef sakavottorðið er ekki á ensku þá þarf að fylgja með löggilt þýðing og hún þarf líka að vera í frumriti.
 - h. Biðja leikmanninn um að fylla út umboð fyrir þann aðila sem er ábyrgur fyrir umsókninni á Íslandi. Þetta verður að vera einstaklingur sem er auðvelt að ná í. Umboðseyðublaðið er hægt að nálgast hér: http://utl.is/media/stofnunin/eydublod/umbod_enska.pdf
 - i. Leikmaðurinn skal senda við fyrsta tækifæri dvalarleyfisumsóknina, ráðningarsamninginn, umboðið og sakavottorðið til Íslands. Nauðsynlegt er að gögnin séu í frumriti.

2. Þegar íþróttafélagið hefur fengið skannað eintak af vegabréfinu og upplýsingar um heimilisfang skal sækja um kennitölu fyrir leikmanninn. Umsóknareyðublaðið er hægt að nálgast hér (http://thjodskra.is/media/eydublod/kennitala_erlendra.pdf) og skal íþróttafélagið kvitta undir umsóknina og stimpla. Umsóknin er ekki samþykkt án þess að hún sé stimpluð með stimpli félagsins. Umsókn um kennitölu getur tekið frá 2-7 daga. Ekki er hægt að senda hana með faxi heldur þarf að skanna inn umsóknina og senda á thjodskra@thjodskra.is eða senda í pósti (eða fara með til Þjóðskrár)
3. Þegar félagið hefur fengið kennitölu fyrir leikmanninn skal skila inn umsókninni um tryggingu ásamt afriti af vegabréfinu til tryggingafélagsins. Þar sem leikmaðurinn er kominn með kennitölu þá ætti að vera hægt að fá tryggingu á 1-2 dögum. (sum tryggingafélög taka við skönnuðu eintaki, önnur vilja fá það í pósti – fax er yfirleitt ekki fullnægjandi.
4. Næst skal félagið fylla út húsnæðisvottorð og biðja þann aðila sem er þinglýstur eigandi að húsnæðinu sem leikmaðurinn mun búa í að undirrita það. Húsnæðisvottorð er hægt að nálgast hér.
http://utl.is/media/stofnunin/eydublod/Yfirlýsing_huseiganda.pdf
5. Þegar gögnin hafa borist frá leikmanninum þá ættu íþróttafélögin að vera með eftirfarandi gögn.
 - a. Dvalarleyfisumsókn í frumriti undirritaða af leikmanninum
 - b. Atvinnuleyfisumsókn í frumriti undirritaða af íþróttafélaginu og leikmanninum
 - c. Ráðningarsamning í frumriti undirritaðan af íþróttafélaginu og leikmanni
 - d. Sakavottorð leikmannsins í frumriti
 - e. Afrit af vegabréfi leikmannsins
 - f. Húsnæðisvottorð í frumriti
 - g. Tryggingaskírteini frá tryggingafélaginu
 - h. Umboð í frumriti undirritað af leikmanni

Ef öll ofan talin gögn (a-h) eru til staðar og í frumriti sem eiga að vera í frumriti þá er hægt að fara með umsóknina í Útlendingastofnun. Þegar umsóknin er lögð fram er nauðsynlegt að tilgreina að um íþróttamann er að ræða og er tilvalið að láta bréf fylgja með umsókninni þar sem tekið er fram að um íþróttamann er að ræða og hver sé tengiliður innan félagsins ef eitthvað skyldi vanta. Afgreiðslugjald er 8.000 kr og tekur Útlendingastofnun ekki við kredit-kortum.

Þegar leikmaðurinn er kominn með leyfi og kominn til Íslands er nauðsynlegt að gera eftirfarandi innan við 2 vikum frá því að hann kemur til landsins:

1. Fara í myndatöku til Útlendingastofnunar eða sýslumanns.
2. Fara í læknisskoðun (leikmenn frá Bandaríkjum, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi þurfa ekki að fara í læknisskoðun).
3. Skila inn flutningstilkynningu innanlands til Þjóðskrár sem er staðfesting á því að leikmaðurinn sé kominn til landsins. Flutningstilkynningu er hægt að nálgast hér:
<http://thjodskra.is/media/eydublod/flutn.pdf>

Þegar þessu er lokið ætti leikmaðurinn að fá dvalarleyfiskort og skattkort í pósti. Því er nauðsynlegt að merkja vel póstkassann þar sem leikmaðurinn býr svo hann fái þessi mikilvægu gögn.

Einnig ættu félögin að hafa í huga að nauðsynlegt er að skila inn staðgreiðslu skatta af launum leikmanna. Leikmaðurinn er ráðinn til félagsins og því launþegi. Ef félagið greiðir ekki skatta af launum leikmannsins getur það hindrað það að leikmaðurinn fái leyfi á næsta leiktímabili.